

Ed.

387. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðin »og má enginn yera í fleiri nefndum en tveimur« í 2. málsg. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkismálum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.